

Skýrsla stjórnar

um starfsemi Foreldrafélags Leikskólans Sólborgar

leikskólaárið 2007-2008

Lögð fram á aðalfundi félagsins, 16. september 2008.

Á aðalfundi félagsins í september 2007 var kosin ný stjórn. Á fyrsta fundi skipti hún með sér verkum; Hjördís (Víðistofa) formaður, Helena (Víðistofa), gjaldkeri og Jóna Björk (Lerkistofa) ritari. Meðstjórnendur voru Þórarinn Alvar og Kalina (Lerkistofa), Móheiður (Furustofa), Lilja Sólrún og Íris Elva (Birkistofa). Helga var fulltrúi starfsmanna auk Jóninu leikskólastjóra. Ákveðið var að hækka gjaldið sem hafði verið óbreytt sl. sjö ár um kr. 100 þannig að það var kr. 3.500 fyrir barnið og kr. 5.000 fyrir systkini.

Fjórir fundir voru haldnir í stjórn foreldrafélagsins á árinu en milli funda ræddi stjórnin mikið saman í tölvupósti. Á þessum fundum undirbjó stjórnin tiltekna viðburði og skemmtanir. Auk þess var rætt um málefni leikskólans og leikskólastarfsins. Starfsemi foreldrafélagsins var með hefðbundnu sniði þetta skólaár og skipulagt í samráði og með góðri aðstoð starfsfólks leikskólans.

Foreldrafélagið tók þátt í kostnaði við jólahald barnanna í desember 2007. Má helst nefna leikrit sem var sýnt í skólanum og gjafir og skemmtiatriði á jólaballinu.

Prettándagleði, annar tveggja stærstu viðburða sem foreldrafélagið stendur fyrir á árinu, var haldin laugardaginn 5. janúar 2008 og þátttaka var mjög góð.

Foreldrafélagið skipulagði með leikskólastarfsfólki bekkjarmyndatöku í febrúarmánuði en hún er orðin fastur liður í leikskólastarfinu. Myndirnar eru frábær minjagripur um góða vini og kennara í leikskólanum.

Foreldrafélagið stóð fyrir táknmálsnámskeiði fyrir foreldra þann 21. apríl 2008 og kennari var Gígja Þórðardóttir. Gígja kenndi ýmis grunnatriði í íslensku táknmáli, t.d. fengu foreldrar nafnatákn, þeir lærðu að kynna sig og segja hvaða dagur er og hvaða mánuður. Þá kenndi Gígja ýmis tákn sem eru mikið notuð í leikskólanum og foreldrarnir lærðu meira að segja að syngja á táknmáli! Þátttakendur voru ekki margir en allir mjög ánægðir með námskeiðið.

Elstu börnin fóru í fræðslu- og útskriftarferð að Sólheimum í Grímsnesi í maí 2008 en þessi ferð er lokaviðburður í námi elstu barnanna og undanfari sumarstarfs þeirra. Foreldrafélagið greiðir stóran hluta kostnaðar í þessari ferð, t.d. fyrir rútu og heimsóknargjald.

Farið var í sveitarferð að Miðdal í Kjós föstudaginn 9. maí 2008. Þátttaka foreldra var góð og þurfti þrjár stórar rútur til að flytja foreldra, börn þeirra og starfsfólk á sveitabæinn. Veðrið hefði mátt vera betur en dýrin voru áhugaverð og nestið frábært!

Að lokum þakkar stjórnin frábæra þátttöku foreldra, barna og starfsmanna í starfinu á liðnu skólaári og fráfarandi stjórnarmeðlimum eru þökkúð vel unnin störf.

F.h. foreldrafélagsins, Hjördís Gunnarsdóttir, formaður.